HÚSEIGNIN
Sími 28370

HRAUNBÆR
3ja herb. íbúð á 3. hæð ca. 86 fm.
VESTURVALLAGATA
3ja herb. jarðhæð ca. 75 fm.
EINSTAKLINGSÍBÚÐIR
við Efstaland og Gautland í Fossvogi.
BERGÞÓRUGATA
Hæð og ris, 2x65 fm. Kjallaraíbúð í sama húsi ca. 60 fm.
FORNHAGI
Mjög góð 3ja herb. íbúð ca. 86 fm.
VESTURBERG
2ja herb. íbúð á 3. hæð. Sér þvottahús í íbúðinni.
FURUGRUND KÓP.
3ja herb. íbúð ca. 105 fm. Aukaherbergi í kjallara fylgir. Verð 38 millj.
MIÐVANGUR HAFN.
3ja herb. íbúð, þvottaherb. í íbúðinni.
PARHÚS KÓP.
Parhús á tveimur hæðum, 14 fm. 55 fm. bílskúr fylgir. Nánari uppl. á skrifstofunni.
SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR
Ný 4ra herb. íbúð. Stórar suðursvalir, 3 svefnherb. Afhent fljótlega tilb. undir tréverk og málningu. 2ja—3ja herb. íbúð getur gengið upp í kaupverð.
VÍÐIMELUR
2ja herb. íbúð á 2. hæð, 65 fm. Verð 26,5 millj.
GARÐABÆR
Fokhelt einbýlishús, 144 fm. Bílskúr 50 fm. fylgir. Teikningar á skrifstofunni.
AUSTURBERG
4ra herb. íbúð, 3 svefnherbergi, ca. 100 fm. Bílskúr fylgir.
RAÐHÚS SELTJ.
Fokhelt raðhús, ca. 200 fm. á tveimur hæðum. Pípulagnir og ofnar komnir. Glerjað. Skipti á 4ra—5 herb. íbúð koma til greina.
VANTAR
sérhæð ca. 150 fm. Parhús eða hæð auk riss. Útborgun 70—80 millj.

Pétur Gunnlaugsson, lögfr.
Laugavegi 24,
símar 28370 og 28040.

HÚSEIGNIN
Sími 28370



ÞÚ AUGLÝSIR UM ALLT LAND ÞEGAR ÞÚ AUGLÝSIR Í MORGUNBLAÐINU



Húsaval

FLÓKAGÖTU 1
SÍMI 24647

Ljósheimar
2ja herb. rúmgóð íbúð á 1. hæð. Svalir, bein sala.
2ja herb.
íbúðir við Krummahóla, Leifsgötu, Laugarnesveg, Efstasund og Hverfisgötu.
Í Vesturbænum
4ra herb. íbúð á 2. hæð í steinhúsi. Bein sala.
Iðnaðarhúsnæði
til sölu á jarðhæð við Súðarvog. 245 fm. bílastæði.
Atvinnuhúsnæði
Til sölu á jarðhæð við miðbæinn 360 fm. Hentar vel fyrir verslun, lager, iðnað, trésmíðaverkstæði og fleira.
Sérhæð óskast
Þarf að útvega fjársterkum kaupanda sérhæð sem næst miðbænum í Reykjavík.

Helgi Ólafsson,
löggiltur fasteignasali.
Kvöldsími 21155.

26933

Skúlagata
2 hb. 60 fm. íb. á 1. hæð.
Baldursgata
2 hb. 65 fm. íb. á jarðhæð nýstandsett. Sér inng.
Álfheimar
3 hb. 85 fm. íb. á 1. hæð mjög vönduð íb.
Mosfellssveit
3 hb. íb. á 1. hæð í tvíbýli. Bílskúr. Afh. fokh. tilb. að utan.
Melgerði Kóp.
3ja herb. 85 fm. íb. á 3. hæð vönduð íb. Laus fljótt.
Hraunbær
3 hb. 85 fm. íb. á 2. hæð. Laus.
Mávahlíð
4—5 hb. 110 fm. rishæð suðursv. góð eign.
Hraunbær
5 hb. 120 fm. íb. á 3. hæð. Falleg íbúð.
Sundlaugarv.
Sérhæð um 115 fm. auk herb. í kj. Bílskúr.
Mosfellssveit
Efri hæð í tvíbýli um 150 fm. Bílskúr. Afh. fokh. tilb. að utan. Getur verið 1 eða 2 íb.
Rjúpufell
Raðhús á einni hæð um 130 fm. Bein sala eða sk. á 3—4 hb. íb.
Grettisgata
Einbýli úr timbri, 2 hæðir og ris um 60 fm. að gr.fleti. Gott hús.
Kópavogsbraut
Einbýli, hæð og ris og kj. samt. um 230 fm.
Mosfellssveit
Fokh. einbýli um 150 fm. auk bílskúrs.

Eigna markaðurinn
Austurstræti 6. Sími 26933.
Knútur Bruun hrl.

Kópavogur

Til sölu við **Furugrund** íbúð á 2. hæð í raðhúsablokk, 3 herb. auk herbergis í kjallara. Útb. 28—30 millj. Upplýsingar gefur.

Guðni Guðnason hdl.
Laugavegi 29, sími 27230.



Sigfús Halldórsson við flygilinn á sýningu sinni. Í baksýn sér í eina Reykjavíkurmynd og hina kunnu mynd af Vilhjálmi frá Skálholti.

Sýning Sigfúsar Halldórssonar

Myndlist

eftir BRAGA ÁSGEIRSSON

Þótt **Sigfús Halldórsson** hafi öðru fremur unnið sér nafn í vitund þjóðarinnar sem tónasmiður er hann svo sem margur veit leikmyndasmiður að mennt og vel skólaður í því fagi. Vafalítið spila margir þættir inn í það að leikmyndagerð varð ekki lífsstarf hans nema að hluta til en þó gæti maður ímyndað sér að hér vegi þungt, að það var svo margt annað er tók huga hans fanginn m.a. tónsmíðar, listmálun og jafnvel það eitt að vera skemmtilegur maður. Hið síðastnefnda er fágætur eðliskostur í landi þar sem menn gætu haft það á tilfinningunni að ef endurholdgunarkenningin sé rétt, þá ætti trúlega stór hluti þjóðarinnar að endurfæðast sem þerripappír . . .

— Þetta er allt svo eðlilegt og græskulaust hjá Sigfúsi, og mér hefur stundum dottið í hug að slíkir ættu að vera á fullum launum hjá þjóðinni fyrir að veita birtu og yl inn í grámósku hvunndagsins og vera opinskáir og einlægir innan um fólk er hefur það alltof margt sem fyrsta boðorð að fela tilfinningar sínar, — eða að tjá andhverfu þeirra á grómkenndan hátt.

En burt með allar heimspekilegar vangaveltur þótt í fullu gildi séu, því að hér skal öðru fremur vikið að myndverkasýningu Sigfúsar Halldórssonar er keyrir fyrir fullu að Kjarvalsstöðum fram til næsta sunnudagskvölds 17. júlí. Sem svo oft áður sækir myndasmiðurinn Sigfús Halldórsson föng sín í eldri hús borgarinnar öðru fremur ásamt hlutveruleikanum allt um kring. Og Sigfús gerir þetta á sinn sérstaka hátt, gengur hægt og rólega og af einlægni og upplifunarhita að hverju einstöku myndefni. Á þann hátt nær hann því sem mest er um vert, þ.e. sál gömlu húsanna og slíkar myndir eru sannari óaðfinnanlegum, stílfærðum teiknirissum snillinganna. Verðmæt skjalfesting andrúmsins er umlykur þessi gömlu grónu hús og gerð af manni er þekkir þetta allt og elskar. Það er líkast því sem Sigfús sé að mála unnustu sína, ástkonu og gamalgróið en kært viðhald er hann mundar pentskúfinn og breiðir úr vatnslitnum um myndflötinn. Slík er tilfinning hans og nærfærni, og það er vel á minnst í vatnslitnum sem Sigfús hefur fundið sig og hér er hann ótvírætt leiknastur í myndgerð sinni. Mér þykir Sigfúsi hafa farið mikið fram í meðhöndlun vatnslitarins hin síðari ár, litirnir eru dýpri og safaríkari og ná betur þeirri fyllingu er einkennir litablæbrigði eldri húsa. Ég nefni sem dæmi myndir svo sem „Austurstræti“ (17), „Hótel Vík“ (26), „Við Óðinsgötu“ (34), myndir nr. 53, 56 og 60 úr Grjótaþorpi svo og „Séð af Lækjargötu“ (79). Allt eru þetta ágætar myndir sem vöktu sérstaka athygli mína og sitja fastast í mér eftir margar yfirferðir.

Í heild sóma myndir Sigfúsar sér vel í Kjarvalssal og mikil bót er að hinum ljósu flekum, sem auka á fjölbreytnina og laða fram sérstaka þætti mynda, sem hinum þunga einhæfa striga hættir til að kæfa.

Það er óþarft að hvetja fólk til að fjölmenna á þessa sýningu því að straumurinn liggur þangað, ekki síst á þeim tíma er listamaðurinn sest við flygilinn, spilar syngur og trallar svo sem honum er einum lagið á landi hér.

Sjálfstæðisfélag Fljótsdalshéraðs tuttugu ára

SJÁLFSTÆÐISFÉLAG Fljótsdalshéraðs hélt nýlega upp á 20 ára afmæli sitt og fór afmælishátíðin fram á Hallormsstað. Margt gesta var á hátíðinni, en sérstakir boðsgestir voru Geir Hallgrímsson formaður Sjálfstæðisflokksins og frú, Egill Jónsson alþingismaður frá Seljavöllum og frú, séra Marínó Kristinsson og frú og Páll Kristjánsson fyrrverandi skattstjóri Austurlands og frú.

Á afmælishátíðinni voru fluttar nokkrar ræður og má þar nefna ræður Geirs Hallgrímssonar, Egils Jónssonar og Páls Halldórssonar. Hátíðarræðu kvöldsins flutti hins vegar Helgi Gíslason frá Helgafelli, fyrsti formaður félagsins.

Stjórn Sjálfstæðisfélags Fljótsdalshéraðs heiðraði þau hjónin Gróu Björnsdóttur og Helga Gíslason frá Helgafelli með því að gera þau að heiðursfélögum, fyrir vel unnin störf í þágu Sjálfstæðisfélagsins. Veislustjóri var Þráinn Jónsson frá Hlöðum og að loknum ræðum skemmtu menn sér við dans við undirleik Árna Ísleifssonar.

Félaginu bárust margar árnaðaróskir á afmælinu en í stjórn félagsins eru Kristbjörg Sigurbjörnsdóttir, formaður, Vigfús V. Þormar ritari og Magnús Þórðarson gjaldkeri.

Varaformaður er Þráinn Jónsson og meðstjórnandi Rúnar Pálsson. Kristbjörg Sigurbjörnsdóttir sagði í viðtali við Mbl., að á þessum tímamótum stæði ýmislegt til að gera hjá félaginu, þótt hún teldi mikilvægast að allir legðust á eitt að standa sem bestan vörð um einstaklingsfrelsið og ekki síst um Sjálfstæðisflokkinn sjálfan og Sjálfstæðisstefnuna.